

Sp.

234. Fyrirspurn

[191. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar smábáta.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hver varð afli báta undir 10 smál. að stærð árin 1981, 1982 og 1983 sem notaður var til ákvörðunar á heildarafla þeirra árin 1984 og 1985:

- a. opinna báta, sundurliðað eftir árum á hvern bát,
- b. þilfarsbáta, sundurliðað eftir árum á hvern bát?

Skriflegt svar óskast.